

## 1. Upplýsingar um þann sem beiðnin varðar (skráðan einstakling)

- Nafn: \_\_\_\_\_
- Kennitala: \_\_\_\_\_
- Netfang: \_\_\_\_\_
- Símanúmer: \_\_\_\_\_

## 2. Er beiðnin lögð fram af umboðsmanni?

- Nei, ég er að óska eftir eigin gögnum/réttindum.
- Já, ég óska eftir gögnum/réttindum fyrir hönd annars aðila.

*(Vinsamlegast látið fylgja skriflegt og undirritað umboð, eða sönnun á forsjá ef um barn er að ræða).*

- Nafn umboðsmanns: \_\_\_\_\_
- Kennitala umboðsmanns: \_\_\_\_\_

## 3. Hvaða réttinda ert þú að neyta? (Hakaðu við það sem á við. Ef beiðnin lýtur að takmörkun vinnslu eða andmælum við vinnslu skaltu lýsa því nánar í lið 4.)

- **Aðgangur og afhending:** Ég óska eftir að fá staðfestingu á því hvort persónuupplýsingar um mig séu unnar og að fá afrit af þeim gögnum sem Krónan hefur um mig.
- **Leiðrétting:** Ég óska eftir að óáreiðanlegar eða rangar persónuupplýsingar um mig séu leiðrétta. *(Vinsamlegast tilgreindu hvaða upplýsingar skal leiðrétta í reitnum hér að neðan).*
- **Eyðing (rétturinn til að gleymast):** Ég óska eftir því að persónuupplýsingum um mig sé eytt að því marki sem lög leyfa.
- **Afturköllun samþykkis:** Ég vil afturkalla samþykki mitt fyrir tiltekinni vinnslu persónuupplýsinga (t.d. fyrir markaðspósti eða vildarklúbbi).
- **Gagnaflutningur:** Ég óska eftir að fá þær persónuupplýsingar sem ég hef sjálf(ur) látið í té afhentar á tölvulesanlegu sniði, eða fluttar beint til annars aðila.

## 4. Nánari tilgreining á beiðni

Til að auðvelda okkur að afgreiða beiðni þína sem fyrst geturðu, ef þú vilt, tilgreint nánar til hvaða gagna, kerfa eða tímabils beiðnin nær. Ef þú afmarkar beiðnina ekki nánar verður beiðnin afgreidd út frá því réttindaúrræði sem þú velur hér að ofan. Ef beiðnin lýtur að takmörkun vinnslu eða andmælum við vinnslu skaltu lýsa því hér:

---

## 5. Afhendingarmáti gagna (ef við á)

- Ég vil fá gögnin afhent á rafrænu sniði á uppgefið netfang.
- Annað: \_\_\_\_\_

## 6. Auðkenning og staðfesting

Til að tryggja öryggi persónuupplýsinga kann Krónan, eftir því sem nauðsynlegt er og í samræmi við eðli beiðninnar, að óska eftir viðeigandi auðkenningu, svo sem með rafrænum skilríkjum eða framvísun persónuskilríkja, áður en beiðnin er afgreidd.

Dagsetning og undirritun: \_\_\_\_\_

*(Athugið: Beiðnin verður afgreidd án ótilhlýðilegrar tafar og að jafnaði eigi síðar en innan eins mánaðar frá viðtöku. Ef beiðnin er flókin eða þær eru margar kann fresturinn að verða framlengdur um allt að tvo mánuði, en þá verður þér tilkynnt um það innan eins mánaðar frá viðtöku beiðninnar. Afgreiðsla beiðninnar er að jafnaði endurgjaldslaus. Verði beiðni synjað að hluta eða öllu leyti færðu rökstudda tilkynningu um það og upplýsingar um kæruheimild til Persónuverndar.)*